

23. maí 2017 kl: 19:30



Aðalfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Mættir úr stjórn: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Ásrún Hersteinsdóttir og Birna Baldursdóttir . Fjarverandi Ingunn Svavarsdóttir

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. **Fundarstjóri fundar.** Ásrún kosin fundarstjóri aðalfundar. Ásrún kynnti dagskrá fundar.
2. **Ársreikningur.** Guðbjörg gerði grein fyrir ársreikningi félagsins. Ársreikningurinn var samþykktur.
3. **Starf vetrarins.** Ásrún fór yfir starf Foreldrafélagsins veturinn 2016-2017 og kynnti það sem gert hefur verið.
4. **Foreldrarölt kynnt.** Stolt foreldrafélagsins. Við þökkum foreldrum kærlega fyrir vel unnin störf.
5. **Starf bekkjarfulltrúa.** Starf bekkjarfulltrúa kynnt og útskýrt hvernig haldið var utan um þá af hálfu Foreldrafélagsins. Það fyrirkomulag sem haft var á í vetur hefur gefist vel og virðist vera almenn ánægja meðal bekkjarfulltrúa um góða eftirfylgni af hálfu félagsins.
6. **Úrsögn úr stjórn.** Einn stjórnarmeðlimur segir sig úr stjórn félagsins, það er Berglind Bergvinsdóttir. Við þökkum henni kærlega fyrir vel unnin störf í stjórn Foreldrafélagsins ☺.
7. **Nýjir meðlimir stjórnar.** Óskað var eftir nýjum framboðum í stjórn félagsins og ný inn í stjórnina kom Þóra Sigurðardóttir, ha110251@unak.is. Við bjóðum hana velkomna til starfa með félaginu. Það er pláss fyrir fleiri í stjórn félagsins. Áhugasamir hafi samband við stjórnarmeðlimi. Stjórnin skiptir með sér verkum en allir stjórnarmeðlimir eiga að taka jafna ábyrgð á starfi félagsins samhliða þeim verkum sem skipt er í.

8. Önnur mál:

Símareglur í skólanum. Foreldrafélagið vill þrýsta á stjórnendur Giljaskóla með að hafa skýrari símareglur.

Aðalfundi slitið kl. 20:15.

Fundarritari: Berglind Bergvinsdóttir